

## Breiðvangsakstur, vegna fundar fimmtudaginn 4. okt

**Til** : Margrét Gauja Magnúsdóttir;hordur@golf.is;arni@sfr.is;Helga Ingólfssdóttir;ingitomm@simnet.is;Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir;einar@straeto.is;SmariO@vso.is;Helga Stefánsdóttir;Sigurður Páll Harðarson

**Frá** : hildurg@gmail.com

**CC** : gjgudlaugs@gmail.com;eje@hive.is;vh@vaxa.is;solit@mmedia.is;thorri@haskolabio.is

**Heiti** : Breiðvangsakstur, vegna fundar fimmtudaginn 4. okt

**Málsnúmer** : 1208486

**Málsaðili** : Bjarni Svanur Bjarnason

**Skráð dags** : 08.10.2012 00:23:12

**Höfundur** : hildurg@gmail.com

Ágæta Umhverfis- og framkvæmdaráð og aðrir sem málið varðar,

Sú ákvörðun um að hætta kvöld -og helgarakstri um Breiðvang er skref í rétta átt. Afstaða íbúa við Breiðvang er þó óbreytt, við viljum strætó **alveg** burt úr götunni.

Á fundi íbúa um helgina kom fram sú ósk að fá hverfisfund með öllum meðlimum Umhverfis- og framkvæmdaráðs og bæjarstjóra. Þar gætu íbúar norðan Hjallabrautar borið spurningar undir ráðið og þeir sem telja raunverulega þörf á akstri um Breiðvang geta komið rökum sínum á framfæri.

Varðandi það sem fram kom á fundinum á fimmtudaginn um að aksturinn hefði verið auglýstur fyrirfram þá er auglýsingin á [bus.is](http://bus.is) dagsett **viku eftir** að akstur hófst. Einnig var því haldið fram að strætó keyrði við sambærilegar aðstæður á Drekkavöllum og við Breiðvang, sem er **ekki rétt**: Drekkavellir er safngata yst í hverfi, ekki botnlangi innst í hverfi. Þar stoppar vagninn á götu við skólann, ekki á bílastæði skólans og leikskólabörn þurfa ekki að ganga þvert yfir leið vagnsins til að komast úr leikskólanum í bíl foreldra sinna.

Með þessum pósti óskum við formlega eftir hverfisfundi í október. Ekki er þó þörf á þessum fundi ef öllum Breiðvangsakstri verður hætt á næstu dögum.

Kveðja,  
fulltrúar íbúa Breiðvangs